

L Ö G

37

8. sept.

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmsra ráðstafana vegna útflutnings á nýjum fiski.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leigja þrjú eða fleiri skip til þess að koma á og halda uppi reglubundnum hraðferðum með kældan eða ísvarinn fisk frá þeim stöðum á landinu, þar sem útvegsmenn og sjómenn hafa með sér félagsskap um fisksölu, en tæki skortir til að koma nýjum fiski á útlendan markað, enda sé öllum frjáls þátttaka og atkvæðisréttur óbundinn að samvinnu-hætti. Skal á þeim stöðum vera nauðsynlegur útbúnaður til fiskgeymslu og afgreiðslu skipanna, sem útgerðarstjórn tekur gildan.

Til undirbúnings þessara framkvæmda og lánveitinga handa fisksölufélögum, sbr. 4. gr., má verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. kr. á yfirstandandi ári, og er ríkisstjórn heimilt að taka fé þetta að láni.

2. gr.

Skipaútgerð ríkisins hefir á hendi framkvæmdir um rekstur flutninga-skipanna, semur áætlun um ferðir þeirra og ákveður flutningsgjöld. Skal flutningsgjöld miða við það, sem ætla má, að þurfi til þess að ekki verði rekstrar-halli á skipunum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að setja upp söluskrifstofu og ráða mann eða menn til að sjá um meðferð og sölu fiskjarins fyrir útflutningsfélög, er þess óska. Gefur skrifstofan félögunum fyrirsagnir um greiningu og hirðingu fiskj-arins, gerir reikningsskil fyrir hverja ferð og greiðir félögunum andvirði aflans, að frádregnum kostnaði.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef fé er fyrir hendi, sbr. 1. gr., að veita fisk-útflutningsfélögum lán til kaupa á fiskumbúðum og öðrum tækjum, er nota þarf við útflutning fiskjarins, enda mæli Fiskifélag Íslands með lánveitingunni.

37

8. sept.

5. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en á Alþingi 1932.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

38

8. sept.

L Ö G

um

heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af vixlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsbanka Íslands veitist heimild til þess að kaupa af Útvegsbanka Íslands h/f vixla og lán útibúa téðs banka á Ísafirði og Akureyri, allt að 2500000 kr., vegna inndráttar á seðlum þeim, er Útvegsbanki Íslands hefir nú í umferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.